

Ed.

847. Nefndarálit

um tillögur út af athugasemdum yfirskoðunarmanna við landsreikningana fyrir árin 1908 og 1909.

Við tillögur þessar höfum vér ekki annað að athuga en að oss þykir 7. tillagan ekki eiga hér heima. Ekki af því að vér höfum neitt að athuga við efni

hennar, heldur af því að oss sýnist að það ætti betur við, að það kæmi þá fram sem sérstök þingsályktun, heldur en sem einn liður í tillögum þeim, sem hér er um að ræða. Þess viljum við þó geta, að því er snertir 3. tillöguna, sem vér annars höfum ekkert að athuga við, að þar sem tilefnið til þess að hún er komin fram í þetta sinn, er það, að ráðherra hefir í svörum sínum við athugasemdir yfirskoðunarmanna um landsreikninginn 1909, tekið fram að reikningur lagaskólans væri að »sumu leyti ekki greinilegur« og reikningur gagnfræðaskólans á Akureyri »ekki vel aðgengilegur«, þá höfum vér fengið að sjá skilyrðislausu kvittun stjórnarráðsins fyrir reikningi hins fyrnefnda skóla 1909 með þeirri viðbót, að ekkert hafi fundist athugavert við reikninginn, og að því er hinn síðarnefnda skóla snertir, þá hefir hlutaðeigandi reikningshaldari skýrt oss frá, að honum sé ekki kunnugt um hvað hér sé átt við.

Vér leggjum það því til, að hin háttv. deild samþykki tillögurnar 1.—6. og 8.—10., en gerum þá

BREYTINGARTILLÖGU

að 7. liður sé feldur burt.

Alþingi 2. maí 1911.

Lárus H. Bjarnason,
formaður.

Eiríkur Briem,
skrifari og framsögum.

Kristinn Danielsson.